

Nd. 416. Frumvarp til laga [222. mál]
um Leiklistarskóla Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 96. löggjafarþingi, 1974—75.)

1. gr.

Stofna skal í Reykjavík Leiklistarskóla Íslands. Hlutverk skólans er að veita nemendum sínum þekkingu og þjálfun til flutnings leiklistar.

2. gr.

Skólinn skal vera þriggja vetra skóli og starfa sem næst 8 mánuði á ári. Um námsefni, inntöku nemenda, hæfnismat (próf) o. fl. skal ákveða í reglugerð.

3. gr.

Við skólann starfi skólastjóri, sem settur skal eða skipaður að fenginni umsögn skólanefndar. Um starfskjör hans fer eftir hinu almenna launakerfi starfsmanna ríkisins. Að öðru leyti starfa við skólann stundakennarar, sem skólastjóri ræður, eftir því sem fé er veitt til í fjárlögum.

4. gr.

Skólastjóra til ráðuneytis um málefni skólans skal vera sjö manna skólanefnd, er menntamálaráðuneytið skipar samkvæmt tilnefningu eftirgreindra: Þjóðleikhússráðs, leikhússráðs Leikfélags Reykjavíkur, Bandalags íslenskra leikfélaga, Ríkisútvarpsins og Félags íslenskra leikara. Ráðherra skipar formann nefndarinnar án tilnefningar. Sjöunda fulltrúann tilnefna nemendur skólans úr sínum hópi til eins árs í senn, en skipunartími annarra nefndarmanna skal vera fjögur ár. Nefndin er ólaunuð.

5. gr.

Allur kostnaður við rekstur skólans greiðist úr ríkissjóði.

6. gr.

Menntamálaráðuneytið fer með yfirstjórn skólans og getur í reglugerð sett nánari ákvæði um starfsemi hans.

7. gr.

Þjóðleikhús og önnur leikhús í landinu sem ríkisstyrks njóta, svo og Ríkisútvarp (hljóðvarp og sjónvarp) skulu veita Leiklistarskóla Íslands aðstoð í starfi hans eftir því sem um semst milli aðila hverju sinni og við verður komið.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Nemendur þeir, sem veturinn 1974/75 stunda nám í leiklistarskólum leikhúsa og samtaka áhugamanna um leiklist (SÁL), skulu eiga kost á inngöngu í Leiklistarskóla Íslands, að undangenginni hæfniskönnun, sem skólastjóri og skólanefnd ákveða.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Leiklistarkennsla hefur að undanfögnu farið fram í einkaskólum, skóla á vegum Þjóðleikhúss og Leikfélags Reykjavíkur og skóla á vegum Samtaka áhugamanna um leiklist (SÁL) með fjárhagslegum stuðningi ríkisins. Eru veittar í þessu skyni 2.3 millj. kr. í fjárlögum ársins 1975. Í frumvarpi til laga um Þjóðleikhús, sem lagt var fyrir 91. löggjafarþing (1970—1971), en hlaut eigi afgreiðslu, var í 20. gr. mælt fyrir um stofnun sérstaks leiklistar-, sönglistar- og listdanssskóla ríkisins. Um þetta segir í greinargerð þess frv.: „Um 20. gr.

Hér er kveðið á um að komið skuli á fót sérstökum leiklistar-, sönglistar- og listdanssskóla ríkisins. Þetta er mjög aðkallandi framkvæmd. Þjóðleikhúsið hefur á undanfögnu árum rekið leiklistarskóla og ballettskóla, en sjálfsgagt virðist, að slíkur skóli sé sjálfstæð stofnun. Nefndin taldi rétt að setja í þetta frumvarp ákvæði um stofnun slíks skóla, þótt reynslan kynni að leiða í ljós að réttara væri að setja um hana sérstaka löggjöf síðar.“

Þótt fyrirhugað sé, að frumvarp til laga um Þjóðleikhús verði lagt á ný fyrir Alþingi, sem nú situr, er hér fjallað um leiklistarskóla í sérstöku frumvarpi. Stafar þetta m. a. af því, að æskilegt er og aðkallandi að veita umrædda fræðslu, enda tekur ríkissjóður nú þegar verulegan þátt í kostnaði við hana með fjárveitingum, og þeim aðilum, sem kennsluna annast nú, er fjárhagslega ofviða að haga henni á þann hátt, er þeir kysu sjálfir og nemendum og leiklistarstarfinu í landinu er nauðsynlegt. Ætlast er til að samstarf verði milli Leiklistarskólans, Þjóðleikhússins og annarra leikhúsa í landinu, svo og Ríkisútvarps (hljóðvarps og sjónvarps) að því leyti sem stofnanir þessar geta stutt hver aðra í starfi.

Eigi er gert ráð fyrir að leiklistarskólinn verði fjölmenn stofnun. Skólastjórinn einn yrði fastur starfsmaður, en að öðru leyti annist stundakennarar kennsluna. Um nemendafjölda er ekki unnt að fullyrða neitt, en ekki virðist fráleitt að gera ráð fyrir 8—12 nýjum nemendum á ári eða 24—36 nemendum samtals í skólanum þegar hann væri fullsetinn. Í leiklistarskóla leikhúsanna eru í vetur (1974—75) 12 nemendur og í leiklistarskóla SÁL eru 43 nemendur.

Um einstakar greinar frumvarpsins þarf ekki að fara mörgum orðum. Frumvarpið miðar að því að lögfesta megindrætti starfseminnar, en hið innra starf mun mótast af reynslunni og því nauðsynlegt að um það gildi reglugerð, sem unnt sé að breyta eftir því sem starfinu miðar áfram, svo sem hvað námsefni varðar og þær kröfur, sem gera ber til nemenda við inngöngu í skólann og við námslok. Bráðabirgðaákvæði er um, þá nemendur, sem nú eru í einkaskólunum.

Gert er ráð fyrir að skólinn starfi sem næst 8 mánuði á ári og veiti nemendum sínum þekkingu og þjálfun í flutningi leiklistar á borð við það sem gerist í slíkum skólum annars staðar.

Skólastjóra til ráðuneytis á að vera sjö manna skólanefnd með fulltrúum þeirra aðila, sem skólinn einkum starfar fyrir og í samráði við, þ. e. Þjóðleikhús, Ríkisútvarp, Leikfélag Reykjavíkur, Félag ísl. leikara, Bandalag ísl. leikfélaga, nemendur skólans og menntamálaráðuneytið.

Allur kostnaður við skólann greiðist úr ríkissjóði, þ. e. laun skólastjóra og stundakennara, húsaleiga, ljós, hiti og annar rekstrarkostnaður, eftir því sem fé er veitt til í fjárlögum hverju sinni.

Miðað er við, að skólinu taki til starfa haustið 1975 þótt honum hafi þá ekki verið ákveðnar fjárveitingar í fjárlögum, en taka mætti mið af þeirri fjárhæð, sem nú er veitt í fjárlögum til leiklistarkennslu, 2.3 millj. króna.

Sem fylgiskjal er hér birt bréf forráðamanna Leiklistarskóla leikhúsanna til menntamálaráðherra, dags. 20. janúar 1975 (Fskj. I.), ásamt áætlun um fjárþörf þess skóla á árinu 1975 (Fskj. II.).

Þá er einnig birt sem fskj. III. áætlun leiklistarskóla SÁL um kostnað við skólalald þeirra á árinu 1975.

Fylgiskjal I.

Reykjavík, 20. janúar 1975.

Til menntamálaráðherra,
Reykjavík.

Svo sem ráðherra er kunnugt hefur því fé, sem veitt er á fjárlögum til leiklistarkennslu, verið skipt milli tveggja skóla, einkaskóla SÁL-samtakanna og Leiklistarskóla leikhúsanna í Reykjavík, sem skipulagður var sl. ár sem vísir að ríkisleiklistarskóla. Í ljósi þess hversu óhagkvæmt það er að skipta þannig fjárveitingunni virðist eðlilegast að stefna að því að ríkisleiklistarskóli taki til starfa hið allra fyrsta og að fjárveiting renni óskipt til þess eina skóla.

Undirrituð, sem erum ábyrg fyrir Leiklistarskóla leikhúsanna, leggjum til

1. að ríkisleiklistarskóla verði komið á fót strax í upphafi næsta skólaárs og um leið og sá skóli tæki til starfa veitti ríkið ekki fé til annarra leiklistarskóla,
2. að á komandi vori verði öllum, sem nú stunda nám í leiklistarskólum í Reykjavík gefinn kostur á inngöngu í ríkisleiklistarskólann að hausti, að lokinni hæfniskönnun og samkvæmt henni skipað í bekkjadeildir. Mundi þannig nýtast á fyrsta ári ríkisleiklistarskóla sú kennsla og þjálfun, sem þegar hefur verið veitt í ofangreindum skólum,
3. að þegar í stað sé hafist handa um undirbúning að skipulagningu ríkisleiklistarskóla og forráðamaður valinn hið fyrsta.

Að sjálfsögðu erum við reiðubúin að aðstoða við að setja saman prófnefnd, sem annist hæfniskönnun fyrir skólann, sem og að setja skólanum reglugerð.

Virðingarfyllst,

f.h. Leikfélags Reykjavíkur
Vigdís Finnbogadóttir

f.h. Þjóðleikhússins
Kristbjörg Kjeld

f.h. Félags íslenskra leikara
Klemens Jónsson

Fylgiskjal II.

Leiklistarskóli leikhúsanna.

Endurskoðuð Fjárhagsáætlun.

1. skólaár (að hluta) 1975.

1. janúar—10. júní 1975.

| | |
|----------------------------------------------------------------------------|----------------|
| 21 kennsluvika × 36 kennslust. á viku | kr. 536 760.00 |
| (756 kennslust. á 710.00 kr.) | |
| 8.33% orlof | — 44 712.00 |
| Erlendur kennari í 3 mánuði: | |
| A 15 launafl. á kr. 72 627.00 pr. mán. | — 217 881.00 |
| Ferðakostnaður erlends kennara | — 46 000.00 |
| Skólastjórn | — 222 000.00 |
| Húsnæði í 6 mán. á kr. 25 000.00 pr. mán. | |
| + kr. 3 500.00 pr. mán. fyrir hreinlætisaðstöðu | — 167 500.00 |
| Prófkostnaður | — 100 000.00 |
| Námskeiðskostnaður | — 90 000.00 |
| Ýmislegt (launaskattur, skrifstofukostnaður, ófyrirsjáanleg útgjöld) | — 100 000.00 |

Samtals kr. 1 524 853.00

Leiklistarskóli leikhúsanna.

Endurskoðuð Fjárhagsáætlun.

2. skólaár (að hluta) 1975.

1. október—31. des. 1975.

| | | |
|---------------------------------------------------------------------------------------|-----|------------|
| Laun skólastjóra, 28. launafll. kr. 85 614.00 pr. mán. sept.—des. . . | kr. | 340 456.00 |
| Laun kennara 12 vikur \times 76 stundir pr. viku = 912 kennslust. á 710.00 | — | 647 520.00 |
| Orlof 8.33% | — | 53 938.00 |
| Húsaleiga kr. 50 000 \times 3 mán. | — | 150 000.00 |
| Tækjakostnaður | — | 150 000.00 |
| Ýmislegt (launaskattur, skrifstofukostnaður, ófyrirsjáanleg útgjöld) | — | 80 000.00 |

Samtals kr. 1 421 914.00

Greinargerð.

Leiklistarskóli leikhúsanna tók til starfa í byrjun október 1974. 12 nemendur stunda nám í skólanum á fyrsta ári, 6 stúlkur og 6 piltar. Námið er fullgilt leiklistarnám eins og það tíðkast í nágrannalöndunum og námskröfur hliðstæðar.

Athugasemdir varðandi kostnaðarliði:

Allir kennarar eru lausráðnir á 1. skólaári og greitt samkvæmt því, samtals 9 kennarar.

Auglýst var eftir skólastjóra á sl. sumri, en enginn fékkst til þess starfa. Skólastjórn annast því nefnd, skipuð þrem mönnum, einum frá hvoru leikhúsi og einum fulltrúa Félags íslenskra leikara. Tveir kennarar hafa tekið að sér daglega umsjón með skólanum og hafa við það talsverða aukavinnu. Þar sem hér er um að ræða algjöra nýskipulagningu í skólahaldi hafa kennarar lagt mikla aukavinnu af mörkum á fundum við að samræma kennsluna sem best. Kostnaðarliðurinn „skólastjórn“ er greiðsla til umsjónarkennara og kennara fyrir þá aukavinnu fyrir allt skólaárið 1974—75.

Starf erlends kennara, sem starfar við skólann í þrjá mánuði í upphafi árs 1975, er tvíþætt. Annars vegar mun hann kenna við skólann og fjölgar þá kennslustundum við skólann. Í því sambandi skal haft í huga, að nemendur hafa enga heimavinnu á fyrsta ári, heldur eru þjálfaðir á staðnum. Hins vegar mun þessi erlendi sérfræðingur hafa námskeið fyrir kennara skólans, en mikill skortur er á sérhæfðum kennurum í hinum ýmsu greinum leiklistar.

Námskeiðskostnaður er áætlaður kostnaður af undirbúningsnámskeiði vegna inntöku nýrra nemenda á komandi skólaári, þ.e. haustið 1975, með svipuðu fyrirkomulagi og leikhúsin héldu á sl. vori.

Á öðru skólaári, sem hefst haustið 1975, er gert ráð fyrir að skólastjóri hafi verið ráðinn til skólans.

Aðrir áætlaðir kostnaðarliðir skýra sig sjálfir.

Desember 1974.

f.h. Leikfélags Reykjavíkur
Vigdís Finnbogadóttir

f.h. Þjóðleikhússins
Kristbjörg Kjeld

f.h. Félags íslenskra leikara
Klemens Jónsson

Fylgiskjal III.

Leiklistarskóli S.Á.L.

Áætlun um fjárbörf ársins 1975.

A. Kennaralaun:

| | | |
|----------------------------------------------|---------------------|-------------------------|
| 3. bekkur, verður 4. bekkur á námsk. | | |
| 674 $\frac{1}{3}$ st. á önn \times 2 | | |
| 374 st. á önn \times 1 | = | 1 722 $\frac{2}{3}$ st. |
| 2. bekkur, verður 3. bekkur. | | |
| 542 $\frac{1}{3}$ st. á önn \times 2 | | |
| 674 $\frac{1}{3}$ st. á önn \times 1 | = | 1 759 st. |
| 1. bekkur, verður 2. bekkur. | | |
| 293 $\frac{2}{3}$ st. á önn \times 2 | | |
| 542 $\frac{1}{3}$ st. á önn \times 1 | = | 1 129 $\frac{2}{3}$ st. |
| Hugsanlegur nýr 1. bekkur. | | |
| 293 $\frac{2}{3}$ st. á önn \times 1 | = | 293 $\frac{2}{3}$ st. |
| | | |
| | Kennslustundir alls | 4 905 st. |
| | á kr. 544.00 | = kr. 2 668 320.00 |
| B. Laun kennara fyrir fundasetur o. fl. | — | 143 616.00 |
| C. Húsaleiga | — | 1 000 000.00 |
| D. Tækjakaup | — | 108 000.00 |
| E. Laun framkvæmdastjóra | — | 188 298.00 |
| F. Ýmislegt | — | 60 000.00 |

Gjöld alls kr. 4 168 234.00

Þar frá dregst:

| | | |
|----------------------------|-----|------------|
| G. Tekjur af skólagjöldum: | | |
| 37 nem. í 8 mánuði | kr. | 888 000.00 |
| 15 nem. í 3 mánuði | — | 135 000.00 |

Fjárbörf 1975 kr. 3 145 234.00